



FÖRELDRAHANDBÓK

2022

Kæru foreldrar !

Velkomin með barnið ykkar í leikskólann. Hefti þetta er hugsað til þess að hafa allar upplýsingar sem ykkur eru nauðsynlegar á sama stað. Gott er að geyma það og geta flett í því þegar þurfa þykir.

Upplýsingar

Krakkaborg

Þingborg, Flóahreppi, 801 Selfoss

Aðalsímanúmer: 480-0150,

Krummadeild: 480-0152

Ugludeild: 480-0153

Lóudeild: 480-0154

Heimasíða: <http://www.krakkaborg.leikskolinn.is>

Netfang: krakkaborg@krakkaborg.is

Skólastjóri: Sara Guðjónsdóttir

Aðstoðarskólastjóri: Þórdís Guðrún Þormóðsdóttir

Um leikskólann

Í Krakkaborg eru leikskólapláss fyrir um 50 börn, allt eftir aldri þeirra. Leikskólinn skiptist í 3 deildir:

- Lóudeild fyrir 12 mánaða -2ja ára
- Ugludeild fyrir 2ja - 4ra ára
- Krummadeild fyrir 4ra - 6 ára.

Foreldrar geta alltaf beðið um viðtöl við leikskólastjóra eða deildarstjóra þegar þeir óska þess. Símanúmer leikskólastjóra er 480-0151. Vinsamlega tilkynnið breytingar á lögheimili, símanúmerum og netföngum til leikskólastjóra.

Opnunartími Krakkaborgar.

Leikskólinn er opin frá klukkan 7:45-16:15 alla virka daga vikunnar. Hægt er að sækja um vistun frá 4 tímum á dag upp í 8 1/2 tíma, fjóra til fimm daga vikunnar. Vistunardagar skulu vera samfelldir. Vistunartími barnanna skal virtur í hvívetna.

Gjaldskrá leikskólans og vistunarreglur.

Gjaldskrá leikskólans er ákveðin af rekstrarstjórn hverju sinni. Hana er hægt að sjá á heimasíðu Flóahrepps og heimasíðu leikskólans. Hægt er að sækja um niðurgreiðslu á gjöldum vegna sérstakra ástæðna, til leikskólastjóra. Framvísa verður vottorði því til staðfestingar. Gjaldalagi leikskólagjalda er fyrsti hvers mánaðar og eindagi 15. hvers mánaðar. Breytingar á vistunartíma verða að berast



leikskólastjóra fyrir 18. hvers mánaðar og tekur breyting þá gildi næstu mánaðarmót.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er einn mánuður og miðast við mánaðarmót. Leikskólinn bíður upp á vistun fyrir börn frá 12 mánaða aldri sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu.

Sumarleyfi og lokun leikskóla

Leikskólinn er lokaður í u.þ.b. 5 vikur yfir sumarið. Leikskólinn er lokaður á aðfangadag og gamlársdag. fjórir skipulagsdagar eru á ári hjá starfsfólki leikskólans, þá daga er leikskólinn lokaður. Leikskólinn er einnig lokaður þann dag sem starfsfólk sækir Haustþing 8. deildar Félags leikskólakennara. Þessir dagar eru notaðir til að undirbúa leikskólastarfið, sækja námskeið og fræðsluerindi og eru á skóladagatalinu og auglýstir með fyrirvara. Auk þess er lokað fyrir fjóra daga yfir skólaárið, vegna starfsmannafunda.

Skólanámskrá og stefna

Skólanámskrá Krakkaborgar var uppfærð veturinn 2018-2019.

Aðalnámskrá leikskóla sem gefin er út af ráðuneytinu má sjá á heimasíðu stjórnarráðsins:

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/namskrar/>

Leikskólinn Krakkaborg starfar eftir hugmyndum heimspeki- og menntunarfræðingsins John Dewey (1859-1952). Hann var einn af frumkvöðlum verkhyggju sem segir að þekkingarleit verði að byggja á reynslu og skynjun. Lögð er áhersla á að efla gagnrýna og skapandi hugsun sem kveikir áhuga og leiðir til skýrrar hugsunar. Dewey taldi að börnin þyrftu að fá tækifæri til að læra með því að rannsaka og framkvæma sjálf. Dewey lagði áherslu á að leikurinn væri frumafli í þroska barnsins og sú leið sem barnið notar til að læra og leggjum við í Krakkaborg ríka áherslu á hann. Í leik öðlast barnið reynslu af samskiptum sínum við önnur börn sem leiðir til frekari félagslegrar færni.

Aðlögun nýrra barna og vistun.

Aðlögun barna er misjöfn og fer eftir barninu sjálfu. Sum börn þurfa lengri tíma en önnur og nauðsynlegt er að gefa sér góðan tíma. Aðlögun er skipulögð í samráði við deildarstjóra og foreldra. Í leikskólanum notum við þátttökuáðlögun. Í henni felst að foreldrar eru fyrstu þrjá til fjóra dagana í leikskólanum með börnum sínum. Þeir eru virkir þátttakendur og gefst því gott tækifæri til að kynnast leikskólastarfinu og kennurum deildarinnar vel. Að öllu jöfnu kveður barnið foreldra sína á fjórða degi. Aðlögun á öðrum deildum, einnig þátttökuáðlögun, er skipulögð af deildarstjóra deildarinnar í samráði við foreldra og fer eftir aldri og þroska barnsins.

Að koma og fara

Þegar barn er byrjað í leikskólanum er skilyrði að því sé skilað í hendur á starfsfólki og einnig að starfsfólk sé látið vita þegar náð er í barnið. Þetta er öryggisatriði fyrir starfsfólk, foreldra og einkum barn.

Vistunartími

Foreldrar eru beðnir um að virða vistunartíma sem börnin þeirra eiga í leikskólanum. Þegar börn mæta eftir að skipulagt starf hefst í leikskólanum getur verið erfitt fyrir barnið að koma og fyrir starfsfólk að taka vel á móti barninu.

Forföll og frí

Ef börnin koma ekki í leikskólann vinsamlega sendið skilaboð í Karellen appið eða hringið og látið vita fyrir klukkan 9:00 á morgnana, inn á deildir, sömuleiðis ef ykkur seinkar að ná í barnið. Leikskólastjóra er heimilt að rukka inn aukagjald ef barn er sótt of seint, eða kemur of snemma.

Heilsufar

Barn með hækkaðan líkamshita, verki eða slen af einhverjum orsökum ætti ekki undir neinum kringumstæðum að dvelja í leikskólanum. Ástæður þeirra ráðlegginga eru fyrst og fremst viðleitni til að draga úr vanlíðan barnsins, sem í leikskólanum verður fyrir mun meira álagi en heima og nýtur ekki sömu umönnunar og hjá foreldrum. Líkamshiti upp að 38° þarf ekki að benda til sjúkleika, en sé um vanlíðan að ræða, ber að hlífa barninu við álagi leikskóladvalar. Barn smitar mest þegar það er að veikjast og veikt barn skal dvelja heima þar til það hefur verið hitalaust í a.m.k. 1-2 sólarhringa og endurheimt þrótt sinn.

Barn með augljóst smit ætti ekki að sækja leikskóla. Þetta gildir um bakteríusýkingar sem berast manna á milli t.d. streptokokka hálsbólga, sýkt og opin húðsár og niðurgangur af bakteríuvöldum, þar til sýklalyfjameðferð hefur staðið í a.m.k. einn sólarhring.

Flestar veirusýkingar s.s. kvef, magapest með uppköstum og/eða niðurgangi og influensa, eru smitandi í a.m.k. viku, nema einkenni séu um garð gengin fyrr. Þess má geta, að augnrennsli og stýrur í augum eru í fæstum tilvikum neitt alvarlegri en hor í

nös og lagast venjulega án meðferðar, nema um roða í hvítu eða þrútin augnlok sé að ræða. Í vafatilfellum ættu foreldrar að ráðfæra sig við lækni sinn.

Greinist njálgur, lús eða kláðamaur hjá barni, ætti öll fjölskyldan að fá meðferð samtímis, sem oftast er aðeins beitt í eitt skipti en stundum þó endurtekin eftir viku. Daginn eftir meðferð er smithættan liðin hjá og barnið má aftur fara í leikskólann. Séu tilföllin í leikskólanum fleiri, er ástæða til að aðrir foreldrar leiti að þessum sníkjudýrum hjá börnum sínum.



Lyfjagjafir á leikskólatíma ættu í flestum tilfellum að vera óþarfar, því aðeins í undantekningartilvikum þarf að gefa lyf oftast en 3svar á dag og þó að lyfið þurfi að gefa þrisvar, þá skiptir ekki máli þótt rúmlega 8 tímar líði á milli gjafa. Undantekningar á þessu gætu verið sykursýkis-, asthma- og ofnæmislyf. Í slíkum tilvikum er ráðlegt að fá skrifleg fyrirmæli frá lækni.

Ef börn eru með ofnæmi eða óþol þarf að skila inn vottorði til að hægt sé að koma til móts við þeirra þarfir. Endurnýja skal vottorð á hverju nýju skólaári (að hausti).

Afmæli

Á yngstu deildinni, Lóudeild, gera afmælisbörnin fallega mynd til að fara með heim og á Krumma- og Ugludeild fá börnin kórónu og flaggað er íslenska fánanum inni á deild. Á öllum deildum er boðið upp á spariávexti og afmælissöngur sunginn. Afmælisbörnin eru aðstoðarmenn dagsins í samverustundum og má tíðum. Við biðjum foreldra afmælisbarna um, að ef þjóða á börnum í afmælisveislu heim, að þjóða utan leikskólans. Fyrir sumarfrí er haldið uppá afmæli barna sem eiga afmæli á tímabilinu 1. – 15. júlí en eftir sumarfrí fyrir börn sem eiga afmæli eftir 16. júlí.

Leikföng



Almenna reglan er sú að leikföng skulu geymd heima. Hins vegar geta ákveðnar aðstæður kallað á að börn fái að taka t.d. með sér bangsann sinn sér til halds og trausts. Ef upp kemur slík staða er best að deildarstjóri og foreldrar hafi samráð um hvernig því skuli háttað.

Hvöld

Í hvöld er lögð áhersla á að svefnþörfum allra barna sé mætt í umhverfi sem einkennist af trausti og hlýju.

Klæðnaður

Börnin taka þátt í fjölbreyttum viðfangsefnum í leikskólanum og fara út a.m.k. einu sinni á dag. Því er mikilvægt að klæðnaður þeirra sé þægilegur og henti vel í leik og starfi, þ.á m. listasmiðju og íþróttir. Alla daga verða börn að hafa góð útiföt og aukaföt til skiptana. Þegar blaut eða óhrein föt eru send heim er góð regla að koma með sambærileg föt í leikskólann daginn eftir. Öll föt þarf að merkja til að koma í veg fyrir að þau glatist. Þau rata betur aftur í leikskólann ef þau eru merkt.



Slys og óhöpp

Ef slys eða óhöpp verða á börnum á leikskólatíma er haft samband við foreldra og næstu skref ákveðin í samráði við þá. Ef um alvarlegt slys er að ræða er tafarlaust kallað á sjúkrabíl og kennari fylgir barninu á sjúkrahús þar til foreldrar koma.

Matartími

Matartími leikskólans er á bilinu 11:00-12:00. Í Krakkaborg er lögð áhersla á fjölbreyttan og hollan mat. Við gerð matseðils eru manneldismarkmið lýðheilsustöðvar höfð að leiðarljósi. Við notum sykur og salt í litlu mæli og stuðlum að hollum matarvenjum sem er hluti af því námi sem fram fer í leikskólanum. Matseðill leikskólans er að finna á heimasíðu leikskólans.

Fréttir af starfi leikskólans

Fréttir af starfi leikskólans koma út á heimasíðu leikskólans og lokaðri fésbókarsíðu. Þar eru einnig settar ýmsar tilkynningar til foreldra um það sem er á

döfinni og það sem liðið er. Foreldrar eru hvattir til þess að heimsækja heimasíðu leikskólans reglulega, slóðin er www.krakkaborg.leikskolinn.is
Allar deildir senda út vikubríf, í tölvupósti, í lok hverrar viku.

Foreldrafélagið.

Allir foreldrar barna við leikskólann Krakkaborg eru sjálfkrafa meðlimir í foreldrafélagi leikskólans. Aðalfundur félagsins er haldin í byrjun hvers skólaárs og eru foreldrar hvattir til að mæta.

Markmið foreldrafélagsins eru að:

- Stuðla að fræðslu um uppeldismál, foreldrum og börnum til gagns og ánægju.
- Auka samstarf milli foreldra og starfsfólks
- Stuðla að samstarfi við foreldrafélög grunnskólanna ásamt starfsfólki leikskólans.